

## Samþykkt gegn niðurskurði í skólakerfinu

5. þing KÍ lýsir yfir áhyggjum vegna gríðarlegs niðurskurðar í skólastarfi og varar eindregið við frekari niðurskurði. Kennarar og skólastjórnendur hafa af útsjónarsemi og með velferð nemenda að leiðarljósi velt hverjum steini í rekstrarumhverfi skólanna vegna kröfu yfirvalda um sparnað. Nú er svo komið að víðast hvar hefur verið skorið inn að beini og útlit er fyrir að skólarnir geti ekki með nokkru móti sinnt lögboðnu hlutverki sínu komi til frekari niðurskurðar.

Starfsskilyrði skóla á öllum skólastigum sem og tónlistarskóla hafa versnað til muna á undanförunum árum. Námsframboð er orðið fábreyttara, undirbúnings- og samráðstími kennara hefur verið skertur, dregið úr stoðþjónustu og starfsaðstæður nemenda og kennara hafa versnað svo sem vegna of stórra námshópa og minna aðgengis nemenda að námi. Lakara starfsumhverfi og aukið álag félagsmenn KÍ getur leitt til kulnunar í starfi og hefur neikvæð áhrif á allt skólasamfélagið.

5. þingi KÍ eru ljósir þeir fjárhagsörðugleikar sem ríki og sveitarfélög glíma við en leggur áherslu á að einmitt í slíku árferði er mikilvægt að standa vörð um velferð og öryggi barna og ungmenna og menntun í landinu. Þingið hvetur yfirvöld menntamála til að verja lög um skólastarf og standa við gerða kjarasamninga til að koma í veg fyrir frekari neikvæð áhrif á faglegt starf og starfsaðstæður nemenda, kennara og annarra starfsmanna skóla.